



Námsáætlun

ÍSLE2yI05 Vorönn 2021

Kennarar: Ásdís Björnsdóttir og Ingibjörg Kjartansdóttir.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi lestrar.
- mikilvægi þess að geta unnið aðalatriði úr texta á skýran og markvissan hátt.
- formi og inntaki skáldsögunnar.
- því hvernig skáldsaga getur endurspeglað samfélagið hverju sinni.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita helstu hugtökum bókmenntafræðinnar þegar verið er að fjalla um og greina skáldverk.
- greina frá og flytja skýra, vel uppbyggða kynningu á bókmenntaverki.
- koma auga á meginþætti skáldverka og dulin atriði sem skipta máli.
- taka þátt í og stuðla að málefnalegum umræðum eða rökræðum um bókmenntir.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- dýpka lesskilning sinn.
- auka og bæta við orðaforða sinn og málskilning.
- auka skilning sinn og þekkingu á samfélaginu og mannlegu atferli í gegnum bókmenntir.
- auka færni sína í að túlka bókmenntaverk á sjálfstæðan og margvíslegan hátt.

Lýsing á áfanga

Nemendur lesa **sex** bækur af bókalista sem kennari leggur fram í upphafi annar. Listinn samanstendur af íslenskum og erlendum bókmenntaverkum og nemendur geta valið mest tvö þýdd verk. Nemendur lesa að hámarki tvö verk eftir sama höfund.

Nemandi velur **þrjár** eða fleiri íslenskar bækur af listanum en **eina** bók lesa allir nemendur. Nemandi útbýr bókalista / lestraráætlun og skilar til kennara fyrir 5. mars. Hann les jafnt og þétt alla önnina og gerir munnlega grein fyrir hverri bók eftir fyrirætlunum kennara í námsáætlun og á Innu. Gert er ráð fyrir að heildarblaðsíðufjöldi bókanna verði a.m.k. yfir 1200 blaðsíður (sjá nánari leiðbeiningar á Innu).

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á bókmenntum og langar að lesa sér til ánægju og yndis.



Kennslugögn:

Bókalisti er á Innu.

Handbækur um bókmenntahugtök, ritun og tjáningu.

Vika	Yfirferð	Verkefni / Próf
1. 24. - 26. feb.	Kynning á áfanga í gegnum Innu. Leslisti lagður fram, fyrirkomulag skýrt og gengið frá skipulagi. Yndislestur hefst.	Skoðið bókalistann og byrjið að velja ykkur bækur.
2. 1. - 5. mars	Yndislestur – fundur (skyldumæting).	Skil á leslista til kennara í tölvupósti fyrir föstud. 5. mars .
3. 8. - 12. mars	Yndislestur.	<u>12. mars</u> skulu nemendur hafa gert grein fyrir fyrstu bók. Úrsagnareindagi: 9. mars.
4. 15. - 19. mars	Yndislestur.	Námsmatsdagur 19. mars. Sjúkrapróf (ef við á).
5. 22. - 26. mars	Yndislestur.	<u>26. mars</u> skulu nemendur hafa gert grein f. annarri bók. Ritlingi skilað úr annarri bók. Miðannamat.
22. - 26. mars – páskafri		
6. 7. - 9. apríl	Yndislestur.	Miðannamat.
7. 12. - 16. apríl	Yndislestur.	<u>16. apríl</u> skulu nem. hafa gert grein fyrir þriðju bók.
8. 19. - 23. apríl	Yndislestur.	22. apríl: Sumardagurinn fyrsti.
9. 26. - 30. apríl	Yndislestur.	<u>30. apríl</u> skulu nem. hafa gert grein fyrir fjórðu bók. Námsmatsdagur 28. apríl. Sjúkrapróf (ef við á).
10. 3. - 7. maí	Yndislestur.	<u>7. maí</u> skulu nemendur hafa gert grein fyrir fimmtu bók
11. 10. - 14. maí	Yndislestur.	13. maí: Uppstigningardagur.
12. 17. - 18. maí	Yndislestur.	Próf úr sjöttu bók.



Þeir sem ekki virða dagsetningar hér fyrir ofan fyrirgera rétti sínum til að ljúka áfanganum á önninni.

Áskilinn er réttur til breytinga ef þurfa þykir.

Námsmat:

Til að nemendur standist áfangann þurfa þeir lesa **allar sex bækurnar** og gera þeim góð skil í viðtölum. Nemendur þurfa því að undirbúa sig mjög vel fyrir hvert viðtal, vera búnir að lesa alla bókina og skila verkefnum skv. fyrirmælum þar um.

Athugið: Áfanginn er kenndur utan stokka og nemendur hitta kennara í skólanum skv. tímatöflu þar sem hverjum nemanda hefur verið úthlutað viðtalstíma (sjá tilkynningu um fyrirkomulag á Innu). Nemendur mæta stundvíslega fyrir utan stofu/viðtalsherbergi þar sem viðtöl fara fram og fylgjast ávallt vel með tilkynningum en í þeim birtast nánari tilmæli varðandi skipulag áfangans.

Athugið: Þegar lögð eru fyrir rafræn próf þá skal taka þau í skólanum eftir fyrirmælum frá kennara.

Með ósk um velgengni á önninni!
Ásdís og Ingibjörg